

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 9-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/632
komudagur 13.1.2006



12. janúar 2006

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, 389. mál.

BSRB fagnar framangreindu frumvarpi og markmiði þess og mælir með samþykkt þess.

Hins vegar telur BSRB mikilvægt að benda á eftirfarandi atriði:

1. Réttur til starfs og vernd gegn uppsögnum.

Markmið frumvarpsins er að tryggja foreldrum tímabundna fjárhagsaðstoð þegar þeir geta ekki lengur stundað vinnu eða nám vegna þeirra bráðaaðstæðna sem upp koma þegar börn þeirra greinast með alvarlega og langvinna sjúkdóma eða alvarlega fötlun, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Foreldri sem leggur niður launuð störf á því rétt á greiðslum verði frumvarpið að lögum, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Markmið þetta er mjög jákvætt og tekur BSRB af heilum hug undir það. Þó er rétt að benda á mikilvægi þess að foreldrar eigi rétt á að koma aftur í sitt starf að loknum þessum bráðaaðstæðum og að þeir njóti verndar gegn uppsögnum í starfi sínu. Sú vernd er ekki afdráttarlaus í frumvarpinu. Óljóst er hvaða rétt foreldrar hafa til síns fyrra starfs og vernd gegn uppsögnum tilkynni þeir um að þeir leggi niður launuð störf og því nauðsynlegt að kveða skýrt á um það í frumvarpinu.

Það má segja að ákveðin vernd náist í gegnum 20. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að við 3. mgr. 24. gr. laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof, bætist nýr málslíður, svohljóðandi: „*Hafi réttur til foreldraorlofs fallið niður ónýttur að hluta eða öllu leyti við átta ára aldur barns verður sá réttur virkur aftur komi til þess að barn greinist síðar með alvarlegan og langvinnan sjúkdóm eða alvarlega fötlun, en áður en það verður fullra átján ára*“.

Hugsunin er sú að foreldrar sem eiga langveik eða alvarlega fötluð börn og leggja tímabundið niður starf sitt, sækji um foreldraorlof og að verndin komi í gegnum fæðingarorlofslögin. Þeir foreldrar sem hafa hins vegar tekið foreldraorlof þegar börnin veikjast eða verða alvarlega fötluð fá ekki notið þeirrar verndar.

BSRB leggur því til að það verði sett sams konar ákvæði og er í fæðingar- og foreldraorlofslögum nr. 95/2000 um rétt til starfs, sbr. 29. gr. og vernd gegn uppsögnum, sbr. 30. gr. Þegar eru mikil tengsl í frumvarpinu við fæðingar- og foreldraorlofslögin eins og sjá má á 7. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að kærur um framvæmd laga um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna fari til úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála.

2. Ávinnsla réttinda.

Sama gildir hvað snertir ávinnslu réttinda. Ekki er skýrt kveðið á um ávinnslu réttinda nema þegar foreldrar sækja um foreldraorlof til að sinna bráðaaðstæðum barns síns. Nauðsynlegt er

að skýrt sé kveðið á um þessi réttindi og leggur BSRB til að tímabundin niðurlagning starfsforeldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna reiknist til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, svo sem rétti til orlofstöku og lengingar orlofs samkvæmt kjarasamningum, starfstíma við mati á rétti til starfsaldurshækkana, veikindaréttar, uppsagnarfrests og réttar til atvinnuleysisbóta. Er sú tillaga í samræmi við 2. mgr. 14. gr. laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlofslög.

Í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins kemur fram að í tillögum nefndar sem fjallaði um réttindi foreldra langveikra barna á innlendum vinnumarkaði væri sérstök áhersla lögð á að foreldrar haldi tengslum við vinnumarkaðinn, þrátt fyrir að þeir þurfi tímabundið að leggja niður störf í tengslum við aðstæður barna sinna. Er tillaga BSRB í lið 1. og 2. í samræmi við þetta.

3. Vísitala neysluverðs.

BSRB leggur til að 5. mgr. 9. gr. frumvarpsins verði endurskoðuð á þann hátt að fjárhæð greiðslna miðist við vísitölu neysluverðs frekar heldur en að fjárhæð greiðslna verði endurskoðuð við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.


3. Gildistaka laganna.

a) Athugasemdir varðandi 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins.

Í 1. ml. 1. mgr. 19. gr. frumvarpsins eiga ákvæði laganna við um þau börn sem greinast eftir 1. janúar 2006. Hins vegar er undantekning í 2. ml. sömu greinar sem kveður á um að 1. mgr. 15. gr. geti átt við ef barn hefur greinst í fyrsta skipti fyrir áramótin. M.ö.o foreldrar barns sem greinist fyrir áramót eiga rétt til greiðslna ef barnið veikist aftur eftir áramótin. Samkvæmt þessu eiga foreldrar þeirra barna sem greinast fyrir áramót og eru áfram veik ekki rétt á greiðslum samkvæmt frumvarpinu. Fram hefur komið í umræðu um þetta atriði innan BSRB það eindregna sjónarmið að langveik eða fötluð börn sem greind hafa verið fyrir gildistöku laganna njóti þess réttar sem lögin kveða á um.

b) Athugasemdir varðandi 1. -3. mgr. 19. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að taka greiðslurnar upp í þrepum þannig að á árinu 2006 miðist réttur foreldra til greiðslu við einn mánuð en allt að þrjú mánuði ef börn þeirra greinast alvarlega langveik eða alvarlega fötluð. Á árinu 2007 verði miðað við tvo mánuði en allt að sex mánuði í tilvikum mjög alvarlega langveikra eða mjög alvarlega fatlaðra barna. Frumvarpið gerir því ekki ráð fyrir að lögin verði komin til fullra framkvæmda fyrr en árið 2008. Mikilvægt er að mati BSRB að markmið frumvarpsins nái strax fram að ganga að fullu leyti en ekki í þrepum eins og lagt er til. Ekki er um að ræða stóran hóp. Áætlað er að foreldrar 250-300 barna geti átt rétt á greiðslum í allt að þrjú mánuði en foreldrar 30-40 barna vegna framlengingar. BSRB leggur því til að ákvæði frumvarpsins komi strax við gildistöku til fullra framkvæmda.

f.h. BSRB

Svanhildur Halldórsdóttir